



Reykjavík – 2
Leyfi nr. 196

Fast gjald þungaskatts

Hækkun fast gjalds þungaskatts

Fast gjald þungaskatts ökutækja undir 1.500 kg að eigin þyngd hækkar ekki. Fast gjald ökutækja sem eru 1.500 - 1.999 kg að eigin þyngd hækkar úr kr. 136.675 í kr. 139.409 og af ökutækjum sem eru þyngri hækkar gjaldið úr kr. 7.819 kr í kr. 7.975 fyrir hver 200 kg umfram 2000 kg. Hækkunin nemur 2%.

Gjaldskrá fasts gjalds þungaskatts frá 1. júlí 1999 er eftirfarandi:

Fast gjald þungaskatts (árgjald)

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1.000	94.273	2.800-2.999	179.284
1.000-1.499	113.163	3.000-3.199	187.259
1.500-1.999	139.409	3.200-3.399	195.234
2.000-2.199	147.384	3.400-3.599	203.209
2.200-2.399	155.359	3.600-3.799	211.184
2.400-2.599	163.334	3.800-3.999	219.159
2.600-2.799	171.309		

Leigubifreiðar, sendibifreiðar með gjaldmæli, hópbifreiðar I og sendibifreiðar á rauð-hvítum vsk. númerum greiða 25% hærra fast gjald þungaskatts (en að framan greinir). Gjaldskrá þessarar ökutækja frá 1. júlí 1999 verður því eftirfarandi:

Fast gjald þungaskatts (árgjald) með 25% viðbótarálagningu

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
Allt að 1.000	117.841	2.800-2.999	224.104
1.000-1.499	141.454	3.000-3.199	234.073
1.500-1.999	174.261	3.200-3.399	244.042
2.000-2.199	184.229	3.400-3.599	254.011
2.200-2.399	194.198	3.600-3.799	263.979
2.400-2.599	204.167	3.800-3.999	273.948
2.600-2.799	214.136		

Innlögn skráningarnúmera/akstur erlendis

Sá lágmarkstími sem gefur rétt til lækkunar eða endurgreiðslu á föstu gjaldi þungaskatts hefur verið stýttur úr þrjátíu dögum í fimmtán daga í eftirfarandi tilfellum;

- þegar skráningarnúmer ökutækja eru lögð inn til geymslu hjá Skráningarstofunni hf.
- þegar ökutæki er flutt tímabundið úr landi er heimilt að lækka eða endurgreiða þungaskatt sem nemur skatti í fimmtán daga og hlutfallslega eftir það.

Móttaka skráningarnúmera hjá Íslandspósti hf.

Athygli er vakin á því að frá og með 20. janúar 1999 var hægt að leggja inn skráningarmerki til geymslu á öllum pósthúsum Íslandspósts hf. utan höfuðborgarsvæðisins. Athygli er jafnframt vakin á því að nauðsynlegt er að koma til skila eyðublaði ríkisskattstjóra sem fyllt er út samfara innlögn skráningarmerkja af ökutækjum sem greiða þungaskatt samkvæmt ökumæli.

Eftirágreiðslur eða inneignir vegna fyrra tímabils sem fram koma á giróseðli

Á giróseðli vegna fasts gjalds þungaskatts fyrir síðara tímabil ársins 1999 geta myndast eftirstöðvar eða inneignir vegna fyrra tímabils ársins. Ástæða fyrir þessum eftirstöðvum eða inneignum eru nýjar verklagsreglur ríkisskattstjóra vegna nýskráningar eða innlagnar skráningarnúmera ökutækja.

- Nýskráning ökutækja á tímabilinu janúar til júní 1999.
Ef ökutæki var nýskráð t.d. þann 18. febrúar sl. var ekki lagt á ökutækið fast gjald fyrir febrúarmánuð. Á giróseðlinum myndast eftirstöðvar fast gjalds vegna 10 daga í febrúar. Á sama hátt ef ökutæki væri nýskráð t.d. þann 14. febrúar sl. þá var lagt á ökutækið fast gjald fyrir febrúarmánuð. Á giróseðlinum ætti að myndast inneign vegna endurgreiðslu fast gjald vegna þeirra 13 daga í febrúar sem ökutækið var ekki á skrá.
- Innlögn skráningarnúmera á tímabilinu janúar til júní 1999.
Um innlögn skráningarnúmera gilda sömu reglur og um afskráningu og nýskráningu ökutækja nema hvað lágmarkstími í innlögn skráningarnúmera eru fimmtán dagar eins og kemur fram hér að ofan.

Skattflokkabreytingar

Ekki er um neinar breytingar á verklagi varðandi skattflokkabreytingar ökutækja, þ.e.a.s. þegar ökutæki fer af mæli yfir á fast gjald eða öfugt.

Framangreindar breytingar byggja á lögum nr. 151/1998 um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar.

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna ýmsan fróðleik um þungaskatt.

Slóðin er: www.rsk.is

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA

Sími 563-1100 • Fax-númer: 563-1290